



Elliðavatn



Kría



Toppönd



Skúfönd




Gráhegri



Duggönd



Stökkönd



Grágæs



Himbrimi



Álft

Eðlisþættir

Elliðavatn er grunnt og gróskumikið vatn, með nokkuð stöðugu írennsli sem að stórum hluta er lindarvatn. Endurnýjunartími vatnsins er aðeins um fimm dagar. Að sumarlagi einkennist Elliðavatn af háum vatnshita (allt að 21° C) og háu sýrustigi (9,2 – 9,9). Þetta háa sýrustig skýrist annars vegar af basísku lindarvatnsírennsli og hins vegar af mikilli frumframleiðslu þörunga og plantna, en við ljóstillifun hækkar sýrustig vatns. Þar eð Elliðavatn er grunnt stjórnað hitabúskapur þess að miklu leyti af lofthita. Langtímamælingar sýna að hiti í vatninu hefur hækkað umtalsvert flesta mánuði ársins á síðustu tveimur áratugum og fellur hlýnunin saman við hækkun lofthita á höfuðborgarsvæðinu.

Gróður og smádýralíf

Gróðurfar og smádýralíf í Elliðavatni er nokkuð mismunandi eftir svæðum. Engjarnar skera sig frá upprunalegu vatnshlutunum tveimur, Vatnsvatni og Vatnsendavatni, með umtalsvert rýrari gróðri og smádýralífi. Botninn á Engjunum er einnig frábrugðinn að því leyti að hann er mun þéttari og rýrari af lífrænu seti. Vatnsbotn upprunalegu vatnshlutanna einkennist hins vegar af gljúpu lífrænu seti sem víðast hvar er a.m.k. 1 m á þykkt. Þar er smádýralíf gróskumikið og til að mynda er þéttleiki botndýra í grýttu fjörubelti með því mesta sem þekkt hér á landi.

Fuglar og fiskar

Í Elliðavatni eru fimm tegundir ferskvatnsfiska, þ.e. lax, bleikja, urriði, hornsíli og áll. Mest er af hornsíli og silungi, þ.e. bleikju og urriða. Margt bendir til þess að bleikjustofninn í vatninu hafi minkað umtalsvert á síðastliðnum tveimur áratugum en urriði hefur haldið stöðu sinni. Virðist mega rekja fækkun bleikjunnar til samþils hækkanði hita og aukinnar snikjudýrasýkingar. Fuglalíf á Elliðavatni er blómlegt og fjölmargar fuglategundir verpa við vatnið. Áberandi tegundir að sumarlagi eru himbrimi, grágæs og álft auk ýmissa anda. Á veturna eru álftir sömuleiðis áberandi, einnig skúfönd og stöku sinnum má sjá þar gráhegra og skarfa.

Hjartanykra



Síkjamari




Tjarnalaukur



Þráðnykra



Smærri lífverur í Elliðavatni



Bleikja



Hornsíli



Urriði



Lax



Áll

